

**191. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 27. apríl 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Þórður Guðjónsson, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri og Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.

**1. 2110054 - Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna**

Kynning á stöðu innleiðingar.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir greinagóða kynningu á stöðu verkefnisins við innleiðingu á samþættingu á þjónustu vegna farsældar barna.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu stýrihóps og vinnuhóps um ráðstöfun fjármagns frá Jöfnunarsjóði vegna verkefnisins sem felur í sér ráðningu tengiliða í skólum og ráðningu málstjóra í 100% stöðu. Ráðið leggur til að ráðningin vegna þessara starfa verði frá 1. ágúst 2022 og verði til tveggja ára. Erindinu vísað til bæjarráðs.*

*Samþykkt er að halda sameiginlegan fund þessara ráða að viku liðinni þar sem verkefnastjóra er falið að óska eftir þátttöku fulltrúa HVE á fundinum.*

Sameiginlegum fundi ráða lýkur.

**2. 2203061 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

*Skóla- og frístundaráð frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.*

**3. 2202055 - Íþróttastefna**

Óskað er eftir fjármagni til þess að standa að vinnu við mótun íþróttastefnu.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að óska eftir við bæjarráð að lagt verði fjármagn að upphæð kr. 1.500.000 til þess að greiða fyrir vinnu við mótun íþróttastefnu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**